



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir á Seyðisfirði sumarið 2016

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

2017

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2017

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is)

Titill: Erlendir gestir á Seyðisfirði sumarið 2016: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Seyðisfjörður © Rhombie Sandoval

Kápa: Ásprent Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-07-2017

ISBN: 978-9935-437-72-3

ISSN: 1670-8857

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Erlendir gestir á Seyðisfirði sumarið 2016

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2016 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Mývatnssveit, Húsavík, Ísafirði og Stykkishólmi. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Seyðisfirði. Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	7
Dvalarstaður gesta, fyrir og eftir heimsókn	8
Gisting	9
Gistinætur	10
Gistimáti	11
Tilgangur ferðar	12
Ástæða heimsóknar	13
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	14
Uppruni upplýsinga	15
Ferðamáti	16
Skipulag ferðar	17
Dvalarlengd	18
Afþreying og þjónusta	19
Ánægja	20
Útgjöld	21
Athugasemdir	22
Samantekt	23

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti á Seyðisfirði sumarið 2016. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að búsetulandi, aldri, ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin var á þremur tungumálum, ensku, þýsku og frönsku.

Þátttakendur voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Seyðisfirði stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld gesta. Þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld gesta sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistiþjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv. Framkvæmd könnunarinnar tók átta daga. Rannsóknarsvæðið var umhverfis Lónið og afmarkaðist af Fjarðargötu, Öldugötu, Lónsleiru, Austurvegi (að Lónsleiru) og Ránargötu (að Fjarðargötu). Spýrlar gengu um svæðið og óskuðu eftir þátttöku allra erlendra gesta sem urðu á vegi þeirra. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingur út frá þeim.

Tímabil framkvæmdar var 13.-27. júlí. Innan dagsins var könnunin framkvæmd á tímabilinu kl. 9-21. Alls voru 566 erlendir gestir beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 440 þátttöku, eða 78% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 49,7 ár, hlutfall kvenna var 52% og karla 48%.

Af þeim átta dögum sem framkvæmd könnunarinnar stóð yfir voru tveir ferjudagar og fjórir dagar þar sem skemmtiferðaskip voru við höfn. Í júlí komu skemmtiferðaskip til Seyðisfjarðar alls 16 daga af 31 og ferjudagar voru alla fimmtudaga. Þrátt fyrir að tekið hefði verið mið af hlutfalli skipadaga við framkvæmd könnunarinnar reyndist hlutfall þeirra svarenda sem komu með skemmtiferðaskipum og Norrænu hærra en samkvæmt fjöldatalningum Ferðamálastofu og Seyðisfjarðarhafnar. Niðurstöðurnar eru því birtar með og án skipafarþega í skýrslunni þar sem það á við.


Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra gesta sem komu til staðarins eftir kl. 21 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við lok gagnaöflunar voru svarblöðin skönnuð og niðurstöðurnar forunnar hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum erlendra gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2016.

\*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

# Hvert er búsetuland þitt?


Flestir þátttakenda á Seyðisfirði komu frá Þýskalandi. Hlutfall þeirra var um 21% sem er talsvert hærra en á landsvísu þar sem það var 11% á sama tíma. Hlutfall gesta frá Bandaríkjunum var hins vegar lægra, eða 17% á Seyðisfirði en 26% á landsvísu.\*



\*Ferðamálastofa. [e.d.]. Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurlugvöll 2003-2017. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta á Seyðisfirði í júlí 2016 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurlugvöll á sama tíma.

# Gestakomur erlendra ferðamanna\*


Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs má greina nokkuð svipaðar niðurstöður og í könnuninni. Samarið 2016 var hlutfall gestakoma þar hæst meðal ferðamanna frá Þýskalandi (21%), þar næst frá Bandaríkjunum (15%) og Frakklandi (12%). Sumrin 2013-2016 lækkaði hlutfall gesta frá Þýskalandi og Frakklandi á sama tíma og það hækkaði meðal gesta frá Bandaríkjunum sem er svipuð þróun og í gestakomum á landsvísu.\*\*



\*Gestakomur erlendra ferðamanna á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs sumrin 2013-2016 (júní-júlí).  
 Tölurnar ná yfir Seyðisfjörð, Fjarðabyggð, Vopnafjörð, Fljótsdalshrepp, Borgarfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp og Djúpvog.  
 \*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gistaða eftir sveitarfélögum 2008-2016.

# Með hverjum ferðaðist þú?

Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum (81%). Um 6% svarenda voru í hópferð og 10% ferðuðust einir. Niðurstöðurnar á landsvísu voru nokkuð svipaðar þó hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum væri aðeins lægra á Seyðisfirði en á landsvísu.




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.




## Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (59%). Í um 13% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för.



## Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Seyðisfjarðar?




Ferðamenn voru beðnir um að tilgreina hvar þeir hefðu dvalið nóttina áður og eftir að þeir heimsóttu Seyðisfjörð. Svör þeirra sem höfðu dvalið um borð í skemmtiferðaskipum eða Norrænu voru undanskilin niðurstöðunum.

Flestir aðspurðra höfðu gisti á Austurlandi nóttina áður en þeir heimsóttu Seyðisfjörð eða alls um 43% gesta. Þar af gistu flestir á Egilsstöðum (22%) og Djúpavogi (5%).

Um 22% ferðamanna gistu á Suðurlandi, 13% á Norðurlandi eystra og 3% á höfuðborgarsvæðinu. Enginn hafði gisti á Suðurnesjum, Suðvesturlandi og Vesturlandi nóttina áður en þeir heimsóttu staðinn. Um 19% svarenda nefndu annað, s.s. heimaland eða óstaðsettan næturstað.


## Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Seyðisfjarðar?



Að lokinni heimsókn ætluðu flestir að gista á Norðurlandi eystra eða um 39% svarenda. Þar af ætluðu flestir að dvelja í Mývatnssveit (15%) og á Akureyri (12%). Um 21% gesta ætluðu að gista á Austurlandi og 14% á Suðurlandi. Mun færri gistu á öðrum stöðum landsins. Alls nefndu 23% svarenda aðra kosti s.s. heimaland eða næturstað án staðsetningar.


## Dvaldir þú á Seyðisfirði síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Alls sögðust 51% aðspurðra ætla að dvelja yfir nótt á Seyðisfirði. Um 64% gesta frá Frakklandi og 57% gesta frá Þýskalandi ætluðu að gista en hlutfallið var heldur lægra meðal gesta frá Bandaríkjunum þar sem það var 45%. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin var hlutfall næturgesta hærra eða um 63%.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Gistinóttum á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs hefur fjölgað talsvert undanfarin ár. Á tímabilinu 2013-2016 fjölgaði þeim um 132% og voru alls 165.824 árið 2016 sem er um 2,5% af heildarfjölda gistinguátta á Íslandi það ár. Flestar áttu gistinguæturnar sér stað yfir sumartímamann eða um 73% frá júní til ágúst og 88% frá maí til september svo árstíðasveiflan er talsverð á svæðinu.\*\*



\*Gistinætur erlendra ferðamanna á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs eftir mánuðum 2013-2016.

Tölurnar ná yfir Seyðisfjörð, Fjarðabyggð, Vopnafjörð, Fljótsdalshrepp, Borgarfjarðarhrepp, Breiðdalshrepp og Djúpvog.


\*\*Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinguætur og gestakomur á öllum tegundum gistinguátaða eftir sveitarfélögum 2008-2016

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér á Seyðisfirði?

Af þeim sem dvöldu yfir nótt á Seyðisfirði gistu flestir á tjaldsvæðinu eða alls um 69% næturgesta. Um 7% dvöldu á gistiheimilum, 4% á farfuglaheimilum, 3% á hótélum og 2% í einkagistingu. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Önnur gisting er m.a. bifreiðar eða tjöld utan tjaldsvæðis, bændagisting og gisting hjá vinum og ættingjum.

Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin hækkaði hlutfall næturgesta sem dvaldi á tjaldsvæðinu í 74%.

Á landsvísu var hlutfall hótela og gistiheimila hæst sumarið 2016 eða samtals um 32%. Þar næst kom hlutfall tjaldsvæða sem var 21%. Athygli vekur hátt hlutfall einkagistingar á landsvísu en það var um 18%.\*




\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína

\*\*Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.

## Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Seyðisfjarðar


Langflestir gestanna sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Seyðisfjarðar vera frí eða alls um 93% þeirra. Það er svipað hlutfall og í könnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli. Hlutfall þeirra sem komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja, vinna eða mæta á viðburð á Seyðisfirði var heldur lægri en á landsvísu.



\*Ferðamálastofa. [2016]. Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.  
Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Seyðisfjörður varð fyrir valinu sem áfangastaður

Flestir þátttakenda (33%) sögðu að heimsóknin til Seyðisfjarðar væri partur af lengri ferð og að engin sérstök ástæða væri fyrir vali áfangastaðarins. Um 28% sögðu samgöngur vera meginástæðu heimsóknar sinnar og var þar í flestum tilvikum átt við Norrænu. Um 14% svarenda nefndu fegurð staðarins og náttúru og 12% gesta sögðust hafa komið vegna meðmæla. Meðmælin fengu þeir úr ferðahandbókum, frá öðrum ferðamönnum, frá heimamönnum og vinum og ættingjum. Meðal annarra þátta sem nefndir voru sem ástæða heimsóknar voru gönguferð, gisting og veitingar. Einhverjir nefndu einnig sjónvarpsþættina Ófærð og kvikmyndina Secret Life of Walter Mitty.\*




\*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru svör fleiri en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Seyðisfjörð?

Flestir gestanna (48%) tóku ákvörðun um að heimsækja Seyðisfjörð áður en ferð þeirra til Íslands hófst. Um 17% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 5% sögðu heimsóknina til Seyðisfjarðar vera meginástæðu Íslandsferðarinnar.

Um 35% gesta sögðu heimsóknina til Seyðisfjarðar einungis vera hluta af lengri ferð og því hafi þeir í raun ekki tekið sérstaka ákvörðun um að heimsækja staðinn.




\* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.



## Hvaðan aflaðir þú upplýsinga um Seyðisfjörð?

Flestir höfðu fengið upplýsingar um Seyðisfjörð hjá ferðaskrifstofum eða alls um 47% gesta. Um 24% öfluðu upplýsinga í gegnum vefsíður, 11% höfðu fengið upplýsingar úr bókum og ferðahandbókum og 7% hjá vinum og ættingjum. Um 23% sögðu að heimsókn til staðarins væri hluti af heildarpakka og því hefði upplýsinga ekki verið aflað sérstaklega um svæðið.


Niðurstöður á landsvísu voru nokkuð frábrugðnar. Þar höfðu flestir (85%) sótt upplýsingar um Ísland á netinu og næstflestir úr bæklingum eða handbókum (36%). Um 35% höfðu fengið upplýsingar um landið hjá vinum og ættingjum og einungis 21% hjá ferðaskrifstofum.\*



\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.


## Hvernig ferðaðist þú til Seyðisfjarðar?

Langflestir ferðuðust til Seyðisfjarðar með skemmtiferðaskipum eða um 32% gesta. Um 26% voru í bílaleigubílum, 18% komu með Norrænu og 12% ferðuðust með einkabílum. Um 2% gesta komu til staðarins með hópferðabifreið og um 4% með áætlunarrútu. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og puttaferðalag.



## Hvernig var skipulag ferðar þinnar til Seyðisfjarðar?


Flestir aðspurðra (60%) höfðu skipulagt ferðina til Seyðisfjarðar sjálfir og 30% voru í pakkaferð. Hlutfallið á landsvísi var nokkuð frábrugðið þar sem 89% voru í ferð á eigin vegum og 11% í pakkaferð.\* Um 53% gesta frá Bandaríkjunum voru í pakkaferð en einungis 16% gesta frá Þýskalandi og 15% gesta frá Frakklandi. Þegar niðurstöður farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu eru undanskildar hækkar hlutfall gesta á eigin vegum í 91% og hlutfall pakkaferða verður 5%.



\*Ferðamálastofa. (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

## Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Seyðisfirði muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta á Seyðisfirði var um 18,1 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 13-24 klst. eða um 31% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 7,1 klst. og næturgesta 28,2 klst. Gestir frá Þýskalandi dvöldu að meðaltali í 22 klst. á staðnum en dvalarlengd gesta frá Frakklandi var 20 klst. og gesta frá Bandaríkjunum 18 klst. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin var dvalarlengd gesta um 21 klst. en 15 klst. meðal ferju- og skipafarþega.




## Vinsamlegast tilgreindu hvaða þætti/afþreyingu þú hyggst nýta þér á Seyðisfirði

Flestir ætluðu að fara í gönguferð meðan á dvöl þeirra stóð eða alls um 44% erlendra gesta. Eftir því sem aldur gesta hækkaði, lækkaði hlutfall þeirra sem ætluðu að ganga. Rúmur þriðjungur aðspurðra ætlaði í útsýnisferð (sightseeing tour) og þar hækkaði hlutfall þátttakenda með hækandi aldri.


Um þriðjungur gesta ætlaði á veitinga- eða kaffihús bæjarins. Um 22% þeirra ætluðu að heimsækja söfn og 14% handverkshús. Gestir frá Þýskalandi voru líklegri en aðrir til að fara á kaffi- eða veitingahús þar sem hlutfall þeirra var 46% til samanburðar við 24% gesta frá Frakklandi og 21% gesta frá Bandaríkjunum.

Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin var hlutfall þeirra sem ætluðu í gönguferð og á veitingahús heldur hærri en meðaltalið en lægra meðal þeirra sem ætluðu í útsýnisferð og á söfn.



## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Seyðisfjarðar?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (38%) eða ánægðir (44%) með dvöl sína á Seyðisfirði. Um 9% aðspurðra sögðust þó hvorki vera ánægðir né óánægðir, 2% gesta voru óánægðir og 7% mjög óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,04.\* Gestir frá Bandaríkjunum mældust með 4,45 til samanburðar við 3,86 meðal gesta frá Þýskalandi og 3,94 meðal gesta frá Frakklandi. Gestir sem fóru á söfn virtust heldur ánægðari en þeir sem fóru ekki. Ánægjustig þeirra var 4,33 til samanburðar við 3,96 meðal gesta sem fóru ekki á söfn. Ánægjustig þeirra sem komu með ferju eða skemmtiferðaskipi til staðarins var 4,14 en 3,93 meðal þeirra sem ferðuðust með öðrum hætti.




\*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Seyðisfirði eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 4.334 kr. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki gistingar en um 51% gesta dvaldi yfir nótt á staðnum. Alls keyptu 42% þátttakenda veitingar, 13% menningartengda þjónustu, um 13% greiddu fyrir afþreyingu og 37% keyptu vörur í verslunum bæjarins.\*

Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir með leiðsögn, kajaksiglingar, veiði og jeppaferðir. Til menningar teljast m.a. heimsóknir á söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna voru í flestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa. Þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin niðurstöðunum voru meðalútgjöldin hærri eða alls 5.327 kr. á sólarhring. Hæsti útgjaldaliðurinn var gistiþjónusta þar sem um 63% gesta ætluðu að dvelja yfir nótt. Alls keyptu um 50% gesta veitingar og 17% afþreyingu. Meðalútgjöld vegna gistingar voru 1.911 kr., vegna veitinga 1.450 kr. og vegna verslunar 861 kr.


Ef einungis var litið til farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru útgjöldin 3.441 kr. Hæst voru þau í flokki verslunar en um helmingur farþega skipanna keypti vörur í verslunum bæjarins. Alls keypti um þriðjungur farþega veitingar á veitingahúsum og um tíu af hundraði afþreyingu.



\*Útgjöldin reiknast á miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí 2016.

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Seyðisfirði?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra á Seyðisfirði höfðu 22% ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja. Um 12% svarenda gerðu athugasemdir við tjaldsvæðið þar sem helst kom fram að það væri í minni kantinum miðað við gestafjölda. Alls lýstu um 10% gesta sérstaklega yfir ánægju með náttúrufergurð svæðisins og um 8% kvörtuðu yfir skorti á skiltum og almennum upplýsingum til ferðamanna. Aðrar athugasemdir snéru m.a. að þörf á bættum vegasamgöngum, lengri opnunartíma þjónustuaðila, afþreyingu á svæðinu og veðurfari.





Akstursleiðin frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar er yfirnáttúruleg

Fleiri skipulagðar ferðir hjá skemmtiferðaskipunum

Fólkið hér er svo almennilegt og hjálplegt

Aðlagið landið ykkar ekki að ferðamönnum. Leyfið því frekar að halda sínum eigin sérkennum

Við vorum mjög ánægð með safnið og þjónustuna þar

Hér fær maður góða þjónustu

Bærinn er mjög vel staðsettur

# Hér er allt í góðu lagi

Lengri opnunartími þjónustuaðila

Hér er gott framboð af menningartengdri þjónustu og afþreyingu

Ég er að koma hingað í annað skipti

Hér er gott tjaldsvæði

Ég vona að eyjan verði áfram eins og hún er

Ég vissi ekki að hér væri boðið upp á kajakferðir sem er frábært

# Fallegur bær

## Betri samgöngur

Ég er bara í gönguferð og að skoða landið

Ég mun koma aftur

Ég hefði viljað heyra hefðbundna tónlist af svæðinu

Áhugaverð ferð

Falleg kirkja

Hér eru góðar gönguleiðir

## Betra veður

Ókeypis WiFi

Hér mætti vera meira handverk og fleiri gallery

## Frábærir tónleikar í bláu kirkjunni

Almennings þvottahús

Það vantar fleiri göngustíga þar sem bílaumferð er bönnuð

Yfirbyggð skýli sem hægt væri að fara í þegar rignir

# Betri upplýsingar og skilti fyrir ferðamenn

Stundur með kaffi fyrir þá sem biða eftir ferjunni

Fleiri minjagripir fyrir börn

## Fallegir fossar

Vantar ferskan fisk

## Hátt verðlag

Wifi-ið við höfnina er alger blessun

## Ég er bara hér vegna ferjunnar

Það vantar fleiri ruslafötur

Útisundlaug

Póstkort eru ódýrari hér en annars staðar

Málið kirkjuna aftur ljósbláa og hvíta, það er fallegra

Wifi-ið við höfnina er alger blessun

Fleiri kaffihús

Fleiri ferðir með leiðsögn

Mikilvægt að hafa bankann

# Betri aðstöðu á tjaldsvæðinu

## Fallegt landslag

Ég hefði viljað fá upplýsingar um hvað fólk gerir hér yfir vetrartímann

Fjöldi ferðamanna á svæðinu virðist koma starfsfólkinu á óvart

Takk fyrir

Fleiri gjafavöruverlanir Meiri áhersla á "slow food"

Ég er bara að keyra í gegnum bæinn ykkar

## Ég hefði viljað dvelja hér lengur

Haldið þjónustuframboðinu innan marka. Fólk heimsækir Ísland vegna ósnortinnar náttúru landsins. Fjöldaferðamennska mun skaða þetta undurfagra land

Seyðisfjörður er meira en bara höfn fyrir ferjuna

Starfsfólk á ferðamannastöðum (í móttöku) er ekki alltaf almennilegt

Farþegar skemmtiferðaskipa og Norrænu eru stór hluti erlendra ferðamanna á Seyðisfirði. Um helmingur þátttakenda könnunarinnar tilheyrði þeim hópi. Ferðahegðun farþeganna skar sig m.a. úr að því leyti að dvalartími þeirra var styttri en annarra ferðamanna og útgjöldin lægri.

Af öllum erlendum gestum Seyðisfjarðar dvaldi um helmingur yfir nótt. Þegar ekki var tekið tillit til farþega Norrænu og skemmtiferðaskipa var hlutfall þeirra sem gistu yfir nótt um 63% og vinsælasti gistimátinn var tjaldsvæði bæjarins.

Árstíðasveifla í ferðabjónustu er mikil á Austurlandi. Af þeim tæplega 165 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna sem voru á Austurlandi utan Fljótsdalshéraðs árið 2016 áttu 92% sér stað á tímabilinu maí til september.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra á Seyðisfirði almennt vera jákvæð. Langflestir gestanna voru ánægðir eða mjög

ánægðir með dvölinu og voru gestir frá Bandaríkjunum heldur ánægðari en aðrir. Dvalartími gesta var um 18 klst. að meðaltali en heldur lengri þegar svör farþega skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskilin. Þá var hann um 21 klst.

Flestir gestanna komu frá Þýskalandi og Bandaríkjunum. Almennt voru þeir í ferð á eigin vegum og höfðu ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands. Meðalútgjöld þeirra á sólarhring voru 4.334 kr. og hæsti útgjaldaliðurinn var gistibjónusta. Þegar farþegar skemmtiferðaskipa og Norrænu voru undanskildir voru meðalútgjöldin 5.327 kr.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðabjónustu á Seyðisfirði sumarið 2016. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðabjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.